

Nr. 004 / 13 Hafbáran BA 53**Tók niðri á Patreksfirði**

Skipaskr.nr. 2453
Smíðaður: Njarðvík 2000, plast
Stærð: 8,93 brl. 8,44 bt.
Mesta lengd: 9,49 m Skráð lengd: 9,43 m
Breidd: 3,06 m Dýpt: 1,14 m
Vél: Cummins 187 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Hafbáran©Arnbjörn Eiríksson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 11. janúar 2013 var Hafbáran BA 53 á siglingu inn Patreksfjarðarflóa. Veður: ASA 8 m/s.

Á siglingunni tók báturinn niðri í sunnanverðum firðinum u.þ.b. eina og hálfra sml. austan við Blakk. Við niðurtökuna stöðvaðist vélin og við fyrstu skoðun virtist ekki hafa komið leki að bátinum og var honum siglt á hægri ferð til hafnar þar sem hann var tekinn á land eftir skoðun kafara.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa siglt á hægri ferð, eða rúmum fimm hnútum, inn með Blakknum (Straumnesi) og austur með ströndinni til að kortleggja dýpistöður og vista þær í gagnagrunni siglingaforritsins. Hann hafi ætlað að nota upplýsingarnar á næstu grásleppuvertíð. Hann sagðist hafa verið með níu faðma dýpi (16,5 m) undir þegar hann kom að berggangi sem lá niður úr fjallinu út í sjó. Hann sigldi fjær og þegar hann taldi sig vera kominn fyrir bergganginn þá tók báturinn niðri um 80 metra austan við hann;



- að skipstjóri taldi að Hafbáran risti 1,5 metra í skutinn en skrúfan er neðst og enginn hæll þar sem báturinn er búinn hangandi stýri;
- að samkvæmt ferilskráningu af Hafbáru sem fengin er úr AIS-kerfi VSS var siglingahraði um 8 hnútar í stefnu SAaA til AaS þar til báturinn strandaði, innan fimm metra jafndýpislínunnar, kl. 17:24 á stað 65°37',888 N og 24°15',215 A;
- að skipstjóri sagðist margoft hafa siglt þarna mjög grunnt með barðanum en ekki svona langt austur með ströndinni svona stutt frá landi. Í AIS kerfinu er megin siglingin rúma 300 metra frá fjöruborðinu. Grunnið er innan við fimm metra jafndýpislínu kortsins og innan við 300 metra frá fjöruborðinu;
- að við skoðun á botni eftir að Hafbáru var tekin á landað kom í ljós að skrúfan hafði skemmst við að kenna grunnsins enda stöðvaðist vélin áður en báturinn rann út af grynningunni. Nokkrar skemmdir voru á kili en engin stálskúffa er undir honum og tættist og rifnaði upp úr plastinu svo leki komst í kjölinn. Hann var fylltur með Urethane kvoðu og átti lekinn greiða leið upp í botnrásir um göt sem boruð höfðu verið fyrir lagnir í gegnum kjölbakið (kjölsvínið).

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til aðgæsluleysi skipstjóra að sigla upp fyrir fimm metra jafndýpislínuna vitandi að hann hafði ekki staðgóðar upplýsingar um siglingasvæðið og siglandi í grænum geira Ólafsvita.